



## 1. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 16.08.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Húsnæði DÍS að Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda Karen, Sigursteinn, Liselotte og Hrefna. Anna Berg og Marietta mættu rafrænt.

Linda ritar fundargerð.

### 1. Starfið framundan

Ákveðið að stjórnarfundir verði haldnir á tveggja vikna fresti, á mánudögum kl 18-20.

Varðandi símatíma félagsins var ákveðið að hafa tímann tvisvar í viku í tvo klukkutíma í senn.

Upplýsingarnar verða skráðar á heimasíðu félagsins og sent til félaga í tölvupósti. Ákveðið að vinna fyrsta tölvupóst til félaga milli stjórnarfunda. Árétta á vefsíðu félagsins að í neyðartilvikum skuli hringja í 112.

### 2. Dýravelferðarmálefni

Ákveðið að velja 3-4 málefni sem stjórnarmenn hafi sérfræðipækkingu á og ná árangri með þau fram að næsta aðalfundi í maí 2023. Ákveðið að stofna vinnuhópa fyrir málefni og finna sérfróða aðila sem eru reiðubúnir að beita sér fyrir málefnið í sjálfböðavinnu, frekar en að ráða starfsmann. Rætt að stofna aðgerðarhóp og hvetja fólk til að mynda illa meðferð á dýrum.

Stjórn DÍS mun leggja áherslu á eftirfarandi mál á árinu:

Blóðmerahald

Hvalveiðar

Búfjárefirlit og eftirlit almennt með dýravelferð.

### 3. Heimasíða félagsins

Ákveðið að gera nýja heimasíðu fyrir félagið. Ákveðið að auglýsa á meðal félaga, finna félaga eða dýravin sem væri reiðubúinn að aðstoða við gerð heimasíðu. Sett verður tilkynning þessa efnis á heimasíðu og á Facebook síðu félagsins sem fyrst. Hrefna tekur að sér að athuga mögulega styrki frá Umhverfissráðuneyti fyrir heimasíðugerð.

### 4. Merki félagsins (lógó)

Ákveðið að gera nýtt merki fyrir félagið og bera það undir aðalfund í maí 2023. Marietta er grafískur hönnuður og ætlar að koma með tillögur.



## 5. Sjóðir og stjórn sjóða

Fyrrum stjórnarmenn skráðir í stjórn þriggja sjóða, Tækjakaupasjóðurinn Dýrin mín stór og smá, Minningarstjóður Peders Steffensen, Sauðfjárverndin. Þau skráðu sig fyrir þessum sjóðum í vor vegna gerð ársreikninga, en ætla ekki að stíga frá heldur sitja í stjórn þessara sjóða næstu þrjú árin. Fyrrum stjórn var hinsvegar umboðslaus vorið 2022 þegar þau skipuðu sig í stjórnir sjóðanna. Linda skoðar þetta mál og ræðir við Ríkisskattstjóra.

## 6. Fulltrúi DÍS í fagráði um velferð dýra

Ákveðið að finna nýjan fulltrúa í fagráð um velferð dýra.

## 7. Stjórnarathafnir 2019-2022

Ekki voru haldnir aðalfundir 2019, 2020 og 2021. Þar af leiðandi var stjórn DÍS umboðslaus að lögum félagsins þennan tíma. Skoða ber allar ákvarðanir stjórnar á þessu tímabili í því ljósi.

## 8. Fjármál félagsins

Ákveðið að yfirfara bókhald félagsins frá árinu 2016 og ef ástæða þykir fá skýrslu löggilts endurskoðanda um þetta tímabil.

## 9. Húsnæði DÍS

Ákveðið að fara í þarfagreiningu og stefnumótun varðandi húsnæði DÍS sem lagt yrði fyrir aðalfund. Sigursteinn, Anna og Linda taka þetta verkefni að sér.

## 10. Fyrirspurn frá Villiköttum

Beiðni frá Villiköttum varðandi að fá að halda stjórnarfundir í húsnæði félagsins, það var samþykkt.

*Fundi slitið kl 20:10.*

*Næsti fundur verður 29.08 kl 18:00*



## 2. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 29.08.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Sigursteinn, Liselotte og Hrefna. Anna Berg og Marietta forfölluðust.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

#### 2. Búfjáreftirlit

Stjórn vinnur greinargerð fyrir tiltekið mál og kemur í hendur vandaðs fjölmiðils.

#### 3. Samskipti við fjölmiðla

Ef formaður er vant við látinn og mikilvægt að einhver tjái sig fyrir hönd DÍS, getur formaður skv. lögum félagsins falið stjórnarmönnum ákveðin verkefni. Formaður tilkynnir stjórn fyrirfram um hver tjái sig fyrir hönd félagsins, í tilteknu máli.

#### 4. Survive Iceland þolreiðarkeppnin

Ákveðið að safna upplýsingum frá Landsambandi hestamannafélaga (LH) og MAST um þessa keppni og skoða fyrirkomulag þessarrar keppni áfram í framhaldi.

#### 5. 2. Fjáröflun vegna starfseminar

Ákveðið að vinna fjárhagsáætlun fyrir þetta starfsár, sem er fram í maí 2023. Liselotte og Linda vinna fjárhagsáætlun og bera undir stjórn á næsta stjórnarfund.

#### 6. Yfirlýsing vegna hvalveiða

Mikilvægt er að hrósa fyrir góð skref í þágu dýravelferðar. Ákveðið að vinna yfirlýsingu sem birt verður í fjölmiðlum þar sem stjórn DÍS hrósar matvælaráðherra fyrir breytingu á reglugerð um hvalveiðar, sem er í þágu dýravelferðar þar sem sérstakt eftirlit hefur verið sett á með þessum veiðum. Sigursteinn vinnur drög fyrir næsta stjórnarfund.



## 7. Lausaganga búfjár

Erindi barst félaginu varðandi lausagöngu búfjár, að ekið sé á hundruði dýra á ári um allt land með tilheyrandi þjáningu. Stjórn DÍS telur málið brýnt, en getur ekki beitt sér sérstaklega á þessu ári, þar sem ekki er mannskapur til þess, en vilji er fyrir að taka þetta fyrir seinna meir. Óskað verður eftir frekari upplýsingum því mikilvægt er að safna gögnum um þetta mál.

## 8. Blóðmerahald

Ákveðið að vinna verkefnalýsingu á blóðmerahaldinu, með það að markmiði að stöðva þetta í samstarfi við Samtök um dýravelferð á Íslandi (S.D.Í.).

*Fundi slitið kl 19:50.*

*Næsti fundur verður þann 12.09 kl 18:00.*



### **3. stjórnarfundur DÍS 2022-2023**

Dagsetning: 12.09.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte, Anna Berg og Marietta. Sigursteinn og Hrefna mæta 18:30.

Hrefna viku af fundi 19:40. Linda ritar fundargerð.

#### **Dagskrá**

##### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Samþykkt.

##### **2. Fjárhagsáætlun starfsárið 2022-2023**

Kostnaður við fastlínu ræddur, ákveðið að hætta með fastlínunúmerið 553 3044 vegna óþarfa kostnaðar. Liðurinn verður færður til næsta fundar þar sem allar upplýsingar liggja ekki fyrir.

##### **3. Verkefnalýsingar verkefna starfsárið 2022-2023**

Verkefnalýsingar eru samþykktar.

##### **4. Yfirlýsing vegna breytingar á reglugerð um hvalveiðar**

Samþykkt.

##### **5. 2. Fjáröflun vegna starfseminar**

Ákveðið að hafa samband við ráðningarfyrirtækið Hagvang varðandi kostnað við að ráða starfsmann, Linda hefur samband við þau. Mikilvægt að kanna hvort DÍS sé skráð sem almannaheillafélag áður en leitað verður eftir styrkjum, Liselotte og Linda skoða það. Linda hefur samband við TAKK til að fá upplýsingar um kostnað og framhaldið.

##### **6. Bókasafn um dýr**

Erindi barst varðandi að félagið myndi hýsa veglegt bókasafn sem fjallar um dýr, dýravernd, dýrafræði og dýrasiðfræði og það mjög höfðinglegt boð. Framhaldið með húsnæðismál félagsins er hinsvegar í ákveðinni óvissu og því samþykkt að afþakka þetta góða boð að þessu sinni.



## **7. Lausaganga hrossa**

Erindi barst félaginu um aðgerðarleysi MAST varðandi lausagöngu hrossa og leitað eftir aðstoð félagsins. Félagið getur ekki rekið málið eins og staðan er hjá félaginu núna en mun óska eftir upplýsingum varðandi málið og leiðbeina varðandi framhaldið.

## **8. Úttekt DÍS á reynslu af búfjáreftirliti MAST**

Ákveðið að skoða hvaða sjóður gæti hentað í þetta verkefni. Linda skoðar það. Einnig þarf að meta hvaða kostnað þetta hefur í för með sér þar sem um yrði að ræða verktakagreiðslur. Linda skoðar það í samstarfi við stjórnarmenn.

## **9. Erindi frá S.D.Í.**

Óskað eftir fulltrúm frá DÍS á fund með matvælaráðherra. Ákveðið að óska eftir fundi með SDÍ varðandi samstarf og áherslur í málefnum dýravelferðar.

*Fundi slitið kl 20:00.*

*Næsti fundur verður 26.09 kl 18:00.*



#### **4. stjórnarfundur DÍS 2022-2023**

Dagsetning: 26.09.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Sigursteinn, Liselotte og Marietta. Anna Berg kemur á fundinn 18:10 og Hrefna 19:30. Anna Berg vikur af fundi 19:45.

Linda ritar fundargerð.

#### **Dagskrá**

##### **1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar**

Samþykkt.

##### **2. Fjárhagsáætlun starfsárið 2022**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 kynnt og yfirfarin. Kostnaður félagsins er meiri en tekjur eins og staðan er núna. Ákveðið að fara mánaðarlega yfir fjárhagsáætlun og stöðu mála. Húsnæði félagsins mjög íþyngjandi fyrir félagið. Anna, Sigursteinn og Linda hittast á fundi í næstu viku til að taka húsnæðismálin áfram.

##### **3. 2. Fjáröflun vegna starfseminar**

Farið yfir upplýsingar sem bárust frá TAKK varðandi fjáröflun vegna starfseminar. Linda mun hafa samband við fyrirtækið varðandi að fá nánari upplýsingar varðandi kostnað áður en ákvörðun verður tekin um fjáröflun. Rætt að fá styrki frá fyrirtækjum til einstakra verkefna, verður rætt síðar.

##### **4. DÍS á samfélagsmiðlum**

Ákveðið að Facebook síða félagsins sé í þeim tilgangi að birta efni beint frá félaginu en ekki deila efni frá fréttaveitum, nema félagið hafi aðkomu að máli.

##### **5. Úttekt DÍS á reynslu af búfjárefniriti MAST**

Ákveðið að markmið úttektar sé að varpa ljósi á þá galla sem eru á búfjárefniriti á Íslandi. Rætt að finna aðila sem gæti unnið slíka úttekt fyrir félagið, tillaga lögð fram á fundinum og verður haft samband við viðkomandi. Um væri að ræða þriggja til fjögurra mánaða verkefni í verktakavinnu fyrir félagið.



## 6. Málið í Borgarbyggð

Félagið á fund með matvælaráðherra miðvikudaginn 28.09 vegna stöðu búfjáreftilits í landinu, þetta mál lýsandi fyrir stöðuna. Rætt að skrifa grein um viðbrögð MAST í málinu og stöðu þessa máls í dag.

## 7. Dýraverndari ársins

Rætt að veita viðurkenningu á næsta aðalfundi fyrir framtak í þágu dýraverndar, Dýraverndari ársins. Mikill áhugi fyrir því. Rætt aftur síðar.

## 8. Erindi frá Dýrahjálpi Íslands/Villikanínur

Félögin leita til DÍS varðandi offramboð á kaninum og vilja stuðning varðandi umræðu um ábyrgt dýrahald. Bent á að klappdýragarðar rækti mikið af þessum dýrum, örmerki þau ekki eins og lög gera ráð fyrir svo ekki er hægt að rekja dýrin til eigenda ef þau finnast úti. Þessir staðir virðast ekki leggja áherslu á að finna dýrunum góð heimili sem þau afhenda. Einnig börn undir 18 ára aldri að rækta kanínur sem veldur einnig offramboði, sem heftir starf kanínuathvarfsins varðandi að finna dýrum heimili. Sum dýranna finnast í Elliðaárdalnum eftir að hafa verið sleppt þar. DÍS telur nauðsynlegt að áhersla verði lögð á fræðslu þar sem fólk tekur að sér dýrin án þess að þekkja nógu vel þarfir þeirra og hvetur félögin til þess. Eftirlit MAST með klappdýragörðum verði hluti af úttekt DÍS af reynslu af búfjáreftiliti. Ákveðið að skrifa grein í fjölmiðla varðandi málefni kanína.

*Fundi slitið kl. 20:00.*

*Næsti fundur verður 10.10 kl 18:00.*





## 5. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 10.10.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Sigursteinn, Liselotte og Hrefna. Marietta og Anna Berg forfölluðust.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

#### 2. 2. Fjáröflun vegna starfseminar

Ákveðið að taka tilboði TAKK varðandi fjáröflun varðandi vefinn styrkja.is til að byrja með, þar sem almenningur getur skráð sig sem mánaðarlega styrkveitendur félagsins. Skoðað hvort hægt verði að hafa vefinn einnig á ensku fyrir erlenda aðila sem myndu vilja styðja félagið. Umræða fór fram varðandi öflunar styrkja frá umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu og /eða matvælaráðuneytinu sem verður skoðað í framhaldi.

#### 3. Survive Iceland þolreiðarkeppnin

Ákveðið að senda Landssambandi hestamannafélaga (LH) fyrirspurn varðandi niðurstöður dýralæknaskoðana af hálfu eftirlitsdýralæknis keppinnar og sérgreinadýralæknis MAST. Komið hefur fram í fjölmiðlum að sumir hestanna voru ekki í góðu ástandi.

#### 4. Hross á útigangi í fárviðri

Algengt að hross séu haldin utandyra í óveðrum þar sem ekki sé húsnæði til að hýsa öll hross á hverjum stað. Rætt að gerð verði greining af hálfu félagsins á því hver staðan er í hverjum landshluta. Félagið leggi sömuleiðis til lausnir.

#### 5. Nefndir

Rætt að setja á fót nefndir í þeim tilgangi að afla upplýsinga um ákveðin málefni til þess að koma þeim í réttan farveg. Ákveðið að taka saman málaflokka fyrir mismunandi dýr, hvar vantar helst uppá að velferð þeirra sé gætt og að lögum um dýravelferð sé fullnægt. Rætt að fá aðkomu félaga að slíkri kortlagningu einnig.



## 6. Blóðmerahald

Frestað.

## 7. Hvalveiðar

Sigursteinn lýsir stöðunni í þessum málaflokki. Félagið fylgist grannt með því sem ráðuneytið er að gera og hver næstu skref verða þar. Fylgt verður vel eftir að öll vinna í kringum niðurstöður eftirlits verði fagleg.

*Fundi slitið kl. 20:00.*

*Næsti fundur verður 24.10 kl 18:00.*



## 6. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 24.10.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Húsnæði DÍS að Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda, Sigursteinn, Liselotte og Hrefna. Marietta og Anna Berg mættu rafrænt.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

#### 2. Fjáröflun vegna starfseminar

Fjáröflun vegna starfseminar rædd. Hrefna athugaði hvernig félagið getur sótt um rekstrar og verkefnastyrk hjá umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu, hægt verður að sækja um í desember. Ákveðið að sækja um styrk hjá fjárlaganefnd Alþingis, Linda setur upp umsóknina. Einnig ákveðið að hafa samband við matvælaráðuneytið í þessum efnum.

#### 3. Fyrirspurn til MAST vegna málsins í Borgarbyggð

Ákveðið að senda fyrirspurn til MAST varðandi vinnubrögð stofnunarinnar varðandi hrossin í Borgarbyggð sem voru aflífuð í síðustu viku. Anna Berg setur upp bréfið.

#### 4. Tölvupóstur til félaga

Tölvupóstsforrit kynnt fyrir stjórn og farið yfir inntak fyrsta pósts til félaga. Linda klárar tillögu.

#### 5. Samstarf með öðrum félagasamtökum

Samstarf við önnur félög rædd. Stjórn sammála um að vilja eiga samstarf á ákveðnum vettvangi eða í ákveðnum málum hverju sinni. Rætt að skoða mögulegt samstarf á nýju ári í ákveðnum málum. Einnig rætt að félagið sinni hlutverki sínu sem regnhlífarsamtök og geti þá boðið aðildarfélögum þjónustu og stuðning. Verður rætt aftur síðar.

#### 6. Fyrirspurn frá Samtökum grænkeru á Íslandi (S.G.Í)

Fyrirspurn barst frá S.G.Í. að DÍS og Samtök um dýravelferð á Íslandi (S.D.Í) myndu í sameiningu fara yfir búvörulög og lög um velferð dýra og myndu í kjölfarið skora á stjórnvöld að



gera útbætur út frá tillögum félaganna. Dýraverndarsambandið er þegar að vinna samantekt varðandi reynslu af búfjárefirliti og mun koma með tillögur að lausnum. Stjórn DÍS telur þetta frábært framtak en vill einbeita sér að þessari úttekt að sinni á þessu ári.

## Önnur mál

### 1. Umsóknir um styrki

Styrkveitingar frá félaginu ræddar. Ákveðið að það sem eftir þessa árs muni félagið ekki veita öðrum félögum styrki á meðan félagið er að endurskipuleggja sína starfsemi og fjárhag.

*Fundi slitið kl. 20:00.*

*Næsti fundur verður 07.11 kl 18:00.*



## 7. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 07.11.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Húsnæði DÍS að Grensásvegi 8, 108 Rvk.

Mættir: Linda og Liselotte. Sigursteinn, Hrefna, Anna Berg mættu rafrænt. Marietta mætir rafrænt kl 18:15.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Samþykkt.

#### 2. Úttekt á reynslu af búfjáreftiliti MAST

Búið að undirrita samning við Á.Ó.Á. Ákveðið að birta grein í fjölmiðlum til að vekja athygli á úttekt félagsins af rökstuddri gagnrýni á búfjáreftiliti MAST. Stofnað verður annað netfang svo almenningur geti sent félaginu ábendingar, [abending@dyravernd.is](mailto:abending@dyravernd.is).

#### 3. Málþing

Rætt að vera með málþing í febrúar þegar skýrslan félagsins um reynslu af búfjáreftiliti MAST kemur út. Umræða um hverjum skal bjóða og staðsetningu. Rætt aftur á næsta fundi.

#### 4. Jólakaffi með félagasamtökum.

Ákveðið að halda jólakaffi í húsnæði félagsins þann 03.12 kl 14-16 og bjóða fulltrúum dýravelferðarféлага. Linda sendir rafrænt boðskort.

#### 5. Greinar frá DÍS í tímaritum.

Umræða um hvernig stjórn nálgast greinarskrif í tímaritum og fjölmiðlum og þegar óskað er eftir greinum frá DÍS.

#### 6. Fyrirkomulag á kynningu á störfum stjórnar.

Rætt hvernig kynnt er út á við hver starfsemi félagsins hefur verið, þ.e. fundir og þh.



## **7. Málið í Borgarbyggð.**

Málið í Borgarbyggð háalvarlegt. Ákveðið að skrifa forstjóra MAST bréf og spyrja hvernig stofnunin geti fullvissað okkur um það að verið sé að vinna í málinu í samræmi við það neyðarástand sem nú ríkir og til hvaða aðgerða sé stofnunin að grípa á þessari stundu. Berist ekki svör innan fárra daga verði bréfið birt opinberlega.

## **8. Yfirferð á greinum.**

Stjórn fór yfir greinar sem eru til birtingar fljótlega.

*Fundi slitið kl. 20:00.*

*Næsti fundur verður 21.11 kl 18:00.*



## 8. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 21.11.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna og Marietta. Sigursteinn og Anna forfölluðust.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt.

#### 2. Málþing

Ákveðið að halda málþingið miðvikudaginn 1. mars. Hrefna athugar með sal í Öskju og Liselotte athugar með sal hjá Hjálpræðishernum. Skoða varðandi að streyma viðburðinum. Rætt aftur síðar.

#### 3. Jólakaffi með félagasamtökum.

Umræða varðandi undirbúning.

#### 4. Málið í Borgarbyggð.

Forstjóri MAST hefur svarað bréfi félagsins. DÍS hefur fundað með matvælaráðuneytinu og Bændasamtökum Íslands í kjölfarið.

#### 5. Beiðni frá Villiköttum

Félagið Villikettir leitar til DÍS vegna umsóknar um styrk. DÍS hefur tekið ákvörðun um verkefni starfsársins og mun leggja mál um frekari fjárútlát fyrir á næsta aðalfundi. Ákveðið að stefna á fund með dýravelferðarfélögum og samtökum sveitarfélaga til að fara yfir mál villikatta og villikanína.

*Fundi slitið kl 20:00*

*Næsti fundur verður 05.12 kl 18:00.*



## 9. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 05.12.2022 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte og Hrefna. Marietta, Sigursteinn og Anna Berg mættu rafrænt.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt.

#### 2. Úttekt DÍS á reynslu af búfjáreftirliti

Rætt að kynna úttekt DÍS í Bændablaðinu.

#### 3. Málþing

Ákveðið að halda málþing í tengslum við úttekt DÍS af reynslu af búfjáreftirliti MAST þann 14. mars kl 17:00-19:00. Liselotte athugar með sal í Þjóðminjasafninu og Hrefna athugar með Öskju. Fyrirkomulag málþings rætt.

#### 4. Dýratilraunir

Dýratilraunir eru mögulega að aukast hér á landi og mikilvægt að skoða það. Anna Berg tekur að sér að skoða stöðuna hér á landi og hver hún er erlendis. Einnig þarf að skoða hvert eftirlit er með dýratilraunum hér á landi.

#### 5. Dýravelferðarmál í Borgarbyggð.

Málið í Borgarbyggð rætt. Búið að vörslusvipta nautgripi og kindur en hestar eru enn á bænum. Enginn tilsjónarmaður lengur á staðnum.

#### 6. Dýravelferðarmál í Hornafirði

55 hross aflífuð vegna vanhalds í Hornafirði. MAST þarf að upplýsa um hvernig stendur á þessu, tilkynnt hefur verið áður um vanfóðruð dýr á þessum stað. Málið verður skoðað í úttekt félagsins.

*Fundi slitið kl 20:00. Næsti fundur 9. janúar kl 18:00.*





## 10. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 09.01.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna, Sigursteinn og Anna Berg. Marietta forfallaðist.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt.

#### 2. Úttekt DÍS á reynslu af búfjáreftirliti

Ákveðið að auglýsa eftir reynslu fólks á samfélagsmiðlum. Vekja stöðuga athygli á úttekt DÍS. Stjórnarmenn munu safna gögnum og senda á Á.Ó.Á. sem vinnur úttektina fyrir félagið. Á.Ó.Á. mun einnig safna gögnum um kærur og dómsmál sem lúta að dýravelferð.

#### 3. Málþing

Ákveðið að leigja Öskju, í vinnslu. Munum greiða þeim fyrir tækniástoð svo hægt verði að streyma viðburðinum. Ákveðið að vera með veitingar sem verða á vegum félagsins, athuga með styrk frá t.d. Oatly. Haft verður samband við Bændasamtökin, matvælaráðuneyti og Matvælastofnun varðandi fulltrúa í pallborð.

#### 4. Hvalveiðar

Staðan í þessum málaflokki rædd. Verður tekið fyrir aftur í febrúar.

#### 5. Stofnun vinnuhópa

Fært til næsta fundar.

#### 6. Öflun félaga og kynningarstarf

Fært til næsta fundar.

#### 7. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi – boð í vinnuhóp um heimsmarkmiðin

FSP óskaði eftir kröftum DÍS varðandi að taka þátt í samráðsvettvangi ólíkra félagasamtaka (og



hagaðila) um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SP) um sjálfbæra þróun. Forsætisráðherra mun kynna stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun á ráðherrafundi í New York í júlí 2023 og jafnframt gerð grein fyrir aðgerðum íslenskra stjórnvalda í þágu markmiðanna og stöðu innleiðingar þeirra hérlendis. Þessi vinna mun einnig nýtast við gerð stefnu um sjálfbæra þróun sem unnin verður á vettvangi Sjálfbærs Íslands og í samráði við nýskipað Sjálfbærni ráð.

Anna Berg tekur að sér að vera fulltrúi DÍS í vinnuhópi fyrir þetta verkefni.

## Önnur mál

### 1. Húsnæði og innbú

Umræða um húsnæði DÍS. Stefnt er að því að selja eignina þar sem hún er á óhentugum stað og mjög þung fyrir félagið í rekstri. Hentugra væri að leigja aðgang að skrifstofurými þegar félagið hefur tæk á að ráða starfsmann. Dýrahjálpi Íslands hefur mögulega áhuga á að fá húsgögn félagsins þar sem þau eru að fara að leigja húsnæði undir sína starfsemi. Ákveðið að lána þeim húsgögn/innbú, hafi þau áhuga á því, þegar að því kemur að losa húsnæði DÍS.

*Fundi slitið kl 20:00.*

*Næsti fundur 23. janúar kl 18:00.*



## 11. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 23.01.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna, Sigursteinn, Anna Berg og Marietta. Sigursteinn fer kl 19:00.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt.

#### 2. Úttekt DÍS á reynslu af búfjáreftirliti

Umræða um úttekt DÍS.

#### 3. Málþing

Umræða um undirbúning málþings. Óskað verður eftir fulltrúum frá Matvælastofnun, Bændasamtökum Íslands og matvælaráðuneyti að taka þátt í pallborði. Sigursteinn tekur að sér að athuga hvort dýravelferðarsamtökin Dyre Beskyttelsen, myndu vilja flytja stutt erindi um stöðu eftirlits með velferð dýra í Noregi.

#### 4. Staða gæsa og annara fugla og viðbrögð

Ákveðið að senda bréf á sveitarfélögin um ábyrgð þeirra gagnvart villtum í neyð, en þessi vetur hefur verið óvenjulega harður og staða gæsa og annara fugla slæm. Umræða um að stofna hóp sjálfbóðaliða varðandi að gefa þessum dýrum.

#### 5. Dýravelferðarmál í Skagafirði

Ábending um alvarlegt dýravelferðarmál barst DÍS. Ákveðið að hafa samband við Matvælastofnun vegna málsins.

#### 6. Stofnun vinnuhópa

Fært.



## 7. Öflun félaga og kynningarstarf

Fært.

*Fundi slitið kl 20:00*

*Næsti fundur verður mánudaginn 06.02 kl 18:00*



## 12. stjórnarfundur DÍS 2022-2023

Dagsetning: 06.02.2023 kl 18:00.

Staðsetning: Rafrænn fundur.

Mættir: Linda, Liselotte, Hrefna og Marietta. Sigursteinn mætir 18:40 og Anna kl 19:00.

Linda ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar.

Samþykkt.

#### 2. Staða andfugla og viðbrögð

Rætt aftur, Hrefna ræddi við fuglafræðinga. Gæsir hafa ekkert að éta ef það eru jarðbönn og þarf að hjálpa þessum fuglum. Eru svokallaðar Reykjavíkurgæsir sem eru hér vegna þess að ungum var sleppt hér frá Hvanneyri. Ákveðið að hvetja sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að gefa þeim. Hrefna útbýr texta.

#### 3. Rekstrarstyrkur UST

Ákveðið að sækja um styrk vegna dýravelferðarmála. Liselotte, Hrefna og Sigursteinn útbúa umsóknina.

#### 4. Afföll lamba

Fært til næsta fundar.

#### 5. Dýratilraunir

Fært til næsta fundar.

#### 6. Dýravelferðarmál í Skagafirði

Dýr í alvarlegum vanhöldum í Skagafirði og var fjallað um í fjölmiðlum, m.a. viðtal við formann DÍS. Ákveðið að fylgjast með framvindu á þessum stað, aðilinn hefur verið að moka út úr húsinu um nokkurra daga skeið. Það bendir þó til að aðbúnaður dýranna hafi ekki verið án frávíka eins og Matvælastofnun hélt fram í tilkynningu á vef stofnunarinnar 03.02.23.



## **7. Úttekt DÍS á reynslu af búfjáreftirliti**

Umræða stjórnar um úttekt.

## **8. Málþing**

Ákveðið að streyma viðburðinum og kaupa þjónustu svo það verði mögulegt.

## **9. Hvalveiðar**

Umræða um stöðuna. Næstu skref ákveðin síðar.

*Fundi slitið kl 20:00.*

*Næsti fundur verður 20.02 kl 18:00*